

Fundargerð 392

Föstudaginn 30. mars 2012, kl. 11:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Ártorgi 1, Sauðárkróki. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason, formaður, Guðmundur R. Gíslason, Gunnar Svavarsson, Ólöf Hallgrímsdóttir, Sigurborg Kr. Hannesdóttir og Valdimar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Hjalti Árnason, Pétur Grétarsson (við dagskrárliði 5-7) og Magnús Helgason sem jafnframt ritað í fundargerð.

Ásta Dís Óladóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund kl. 11:00 bauð fundarmenn velkomna og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Framfylgd rekstrar- og starfsáætlunar.
3. Sala fullnustueigna.
 - a. Rækjuverksmiðja Bakkavíkur, Bolungarvík.
 - b. Mjóður Brugghús, Stykkishólmi.
4. Sóknaráætlanir – verkefni Byggðastofnunar og staða í stoðkerfinu.
5. Fundargerðir lánanefndar.
6. Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða.
7. Niðurstöður þjónustukönnunar meðal viðskiptavina Byggðastofnunar.
8. Ársfundur.
9. Önnur mál.
10. Næsti fundur.

Dagskráin samþykkt samhljóða.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar (391). Spurst var fyrir um nokkur mál sem tekin voru fyrir á síðasta stjórnarfund, þ.e. erlend lán, lögfræðialit, lántöku, skýrslu um byggðarlög sem búa við viðvarandi fólksfækkun.

AÐ og MH upplýstu um framgang þessara verkefna.

...

Fundargerðin samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

2. Framfylgd rekstrar- og starfsáætlunar

Undir þessum lið var einnig liður 4. Sóknaráætlanir – verkefni Byggðastofnunar og staða í stoðkerfinu ræddur.

AÐ og MH fóru yfir rekstur fyrstu tveggja mánaða ársins.

Formaður og AÐ fóru í gegnum stöðu á starfsáætlun stjórnar og verkefna þróunarviðs.

AÐ upplýsti að auglýst hefði verið eftir starfsmanni til að vera verkefnisstjóri sóknaráætlana landshluta. Kostnaður verður greiddur af fjórum ráðuneytum. Alls sóttu 43 um stöðuna og væri vonast til að starfsmaðurinn hæfi störf um miðjan apríl.

GSV lagði áherslu á að gerður verði þjónustusamningur við ráðuneytin vegna starfsmannsins. AÐ upplýsti að innanríkis-, fjármála-, forsætis-, og iðnaðarráðuneytið hefðu gert með sér samning um verkefni og fjárveitingu til Byggðastofnunar vegna þess. Samningurinn verður sendur stjórnarmönnum.

Formaður og AÐ ræddu um hlutverk stofnunarinnar varðandi IPA samninga.

Fyrir næsta fund stjórnar var óskað eftir að fyrir liggi greining á útlánatöpum eftir landssvæðum, tegundum byggðarlaga og atvinnugreinum. (11)

Fundi frestað kl. 12:13 og fundi síðan fram haldið kl. 12:50

3. Sala fullnustueigna.

a. *Rækjuverksmiðja Bakkavíkur, Bolungarvík.*

...

b. *Mjöður Brugghús, Stykkishólmi.*

...

4. Sóknaráætlanir - verkefni Byggðastofnunar og staða í stoðkerfinu.

Sjá lið 2 í fundargerð.

5. Fundargerðir lánanefndar.

PG kom á fundinn.

a. *Fundargerð lánanefndar nr. 3/12, 28. febrúar 2012.*

AÐ gerði grein fyrir fundargerðinni.

b. *Fundargerð lánanefndar nr. 4/12, 9. mars 2012.*

AÐ og PG gerðu grein fyrir fundargerðinni.

...

c. *Fundargerð lánanefndar nr. 5/12, 13. mars 2012.*

AÐ gerði grein fyrir fundargerðinni.

d. *Fundargerð lánanefndar nr. 6/12, 20. mars 2012.*

AÐ gerði grein fyrir fundargerðinni.

6. Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða

Dreift var frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða sem lagt var fyrir Alþingi.

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað umsagnar Byggðastofnunar um frumvörp um stjórn fiskveiða og um veiðigjald.

Ákveðið að vinna umsögn um frumvarpið í samráði við formann. Umsögnin verði einnig send stjórn.

7. Niðurstöður þjónustukönnunar meðal viðskiptavina Byggðastofnunar.

AP kynnti niðurstöður þjónustukönnunar sem Capacent gerði fyrir stofnunina á meðal allra viðskiptavina stofnunarinnar.

8. Ársfundur.

Verið er að skoða að halda ársfund stofnunarinnar í Skagafirði. Rætt var um möguleg umræðuefni á málþingi samhliða ársfundinum. Hugmyndir komu upp um sóknaráætlun, byggðastefnu. Stefnt á að halda ársfund föstudaginn 1. júní nk.

9. Önnur mál.

Jöfnun flutningskostnaðar

AP greindi frá áhuga Efnahags- og viðskiptaráðuneytisins á að skoða þann möguleika að gera þjónustusamning við Byggðastofnun þar sem stofnuninni yrði falið að annast þjónustu og umsýslu vegna laga nr. 160/2011 um svæðisbundna flutningsjöfnun.

Staða innflytjenda á landsbyggðinni

Beiðni hefur komi um að kynna skýrslu um stöðu innflytjenda fyrir velferðarráðherra.

Fullnustueignir.

HÁ upplýsti um fasteign á Akranesi sem stofnunin hefði nýlega innleyst væri komin í útleigu.

Yfirlit yfir helstu áhættur.

Óskað var eftir að skjal yfir helstu áhættur verði uppfært og lagt fyrir næsta stjórnarfund.

10. Næsti fundur.

Næsti fundur verður 4. maí nk. í Grundarfirði. Stefnt er að því að heimsækja fyrirtæki á svæðinu samhliða fundi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:48

Magnús Helgason, fundarritari
